



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Pórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Pórunnartúni 6, Rvk. 8. júní 2020 kl. 16:30.

(Fundur nr. 10. frá Kópavogi)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Sigrún Stefánsdóttir, Jens B. Baldursson, Laufey Hannesdóttir, Þuríður Yngvadóttir, Kristinn H. Þorsteinsson, Þröstur Eysteinnsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem ritaði fundargerð).

Dagskrá fundar

1. *Fundargerð síðasta stjórnarfundar*

Samþykkt.

2. *Undirbúningur vegna 90 ára afmælis Skógræktarfélags Íslands –
Heiðranir*

Enn er allt á huldu um hvað leyfilegt verður vegna COVID-19. Bíða verður átekta um hvaða takmarkanir verða á samkomum og mannamótum þegar nær dregur aðalfundi.

Hugmyndir um afmælisfögnuð SÍ 26. júní

Ekki verður af ráðstefnunni, vegna forsetakosninga á sama tíma. Lýst eftir hugmyndum um að gera eitthvað annað á þessum laugardegi.

3. *Opinn skógur – 20. júní Álfholtsskógur*

Skógurinn liggur austan við Akrafjall. Enn er verið að leita að stuðningsaðila í verkefnið Opinn skógur.

4. *Sagt frá fundi Kolviðar og Votlendissjóðs - vottun og hugtakanotkun*

Ljóst er, að ef Kolviður og Votlendissjóður ætla að gera sig gildandi, verður að fást alþjóðlega viðurkennd vottun á meintri kolefnisbindingu. Tílefni fundarins var að kanna hvort fyrir hendi væru einhver samlegðaráhrif af því að vinna saman í þessum málum.

Þröstur bauðst til þess að flytja fyrirlestur um vottun á skógarkolefni fyrir stjórn SÍ þar sem kröfur til vottunar yrðu skýrð fyrir stjórnarmönnum.

5. Önnur mál m.a.

Atvinnuáttak á vegum SÍ

Málið er ekki með öllu dautt, en enn vísa stjórnvöld hver á annan. Enginn þykist hafa ráð á þeim 70 m kr. sem farið var fram á. Niðurstaðan varð að skógræktarfélögin munu snúa sér að sínum hefðbundnu verkefnum.

Tré lífsins

Formaður og framkvæmdastjóri áttu ágætan fund með Sigríði Bylgju, stofnanda „Tré lífsins“ um hugsanlega aðkomu skógræktarféлага. Heppilegast væri að ræða við Skógræktarfélag Garðabæjar um samstarf þar sem Tré lífsins fyrirhugar að byggja bálstofu í Smalaholtinu og láta reyna á slíkt samstarf þar og síðan að samstarfi við fleiri félög eftir því sem þörf verður á fleiri „minningargörðum.“

Sjálfbóðaliðar

Einn sjálfbóðaliði, austurrískur, er kominn til landsins og er nú í einangrun. Það er stöðugt verið að aflýsa flugi frá ýmsum löndum, svo óvissa er með framhaldið, hvort eða hvenær þeir koma til landsins. Erlendir starfsmenn ferðaskrifstofa hafa bjargað gróðursetningu á Úlfljótsvatni á þessu vori.

Rótarskot

Á fundi með Landsbjörg var nýlega ákveðið að stærsta gróðursetning á þessu vori fari fram í Lækjarbotnum, í hlíðum Selfjalls þann 10. júní (á miðvikudaginn kemur). Björgunarsveitirnar á höfuðborgarsvæðinu gróðursetja þar. Öðru verður dreift um landið og fer niður síðar.

Fundur með Landvernd

Á fundi vegna úrsagnar SÍ úr Landvernd áttu formaður og framkvæmdastjóri SÍ fund með formanni og framkvæmdastjóra Landverndar. Á fundi var ákveðið að reyna að efna til e.k. samstarfssamning sem eftir er að ræða og finna form á.

Skógræktarritið

... er komið út, smekktullt af góðum greinum.